

Áfangi: DAN204 – vorönn 2011

Danska

Undanfari: DAN103

Kennari: Agnes Hansen

Áfangalýsing:

Lögð er áhersla á að nemendur geti skilið inntak ritnáls- og talmálstexta sem fjalla um nokkuð sérhæft efni sem þeir þekkja til eða hafa áhuga á. Nemendur læra að nota algeng orð og orðasambönd í ræðu og riti og læra algengustu málfræðireglur.

Kennsla fer fram á dönsku.

Markmið:

Nemendur eiga að ná tökum á því að lesa sér til gagns nokkuð erfiða texta. Nemendur eiga að skilja allt venjulegt talmál og geta tjáð sig um málefni almenns eðlis. Nemendur eiga að geta skrifað samfelldan texta á dönsku með réttri stafsetningu og geta beitt helstu málfræðireglum.

Kennslubækur og önnur kennslugögn:

1. På udebane II, lesbók og verkefnabók. (Bækur frá haustönn)
2. Ghetto, smásögur eftir ýmsa höfunda. - Bjartur, 2008. (Bók frá haustönn)
3. Skáldsögur samkvæmt vali nemenda og verkefni úr þeim.
4. Málfræðiverkefni af veraldarvefnum.
5. Ýmis önnur verkefni m.a. af veraldarvefnum.
6. Amk. ein kvikmynd verður sýnd á önninni og verkefni unnið í tengslum við hana.

Námsmat:

Mikil áhersla er lögð á lestur á mismunandi textum. Lögð er áhersla á að nemendur vinni sjálfstætt. Gert er ráð fyrir talsverðri verkefnavinnu og verða nemendur að vera virkir í kennslustundum. Lögð verða fyrir skyndipróf, bæði skrifleg, munnleg og hlustunarpróf.

Verkefni um nám í Danmörku: 20%

Munnleg próf: 20%

Kjörbókaverkefni: 10%

Skyndipróf / skilaverkefni: 20 %

Virgni og þátttaka í kennslustundum, verkefnaskil, vinnubók: 30%

Ná þarf lágmarkseinkunn í öllum þáttum til að ná áfanganum.